

Frummrit

07/2052

726.1

Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, Hafnarfjarðarhöfn, kt. 590169-5529
og
Björgunarsveit Hafnarfjarðar, kt. 410200-3170.

gera með sér svohljóðandi

SAMNING

um verkefni Björgunarsveitar Hafnarfjarðar og almennan stuðning Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar við rekstur Björgunarsveitarinnar.

1. gr. Verkefni Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.

Björgunarsveitin sér um að framkvæma eftirfarandi:

- 1.1. Gæsla við dorgveiðikeppni íþróttá- og tómstundanefndar Hafnarfjarðar (ÍTH).
- 1.2. Björgunarsveitin kemur að skipulagningu Sjómannadagsins í Hafnarfirði, t.d. með eftirfarandi hætti:
 - Gæsla við siglingar, bæði á sjó og landi.
 - Sigling með Einari Sigurjónssyni.
 - Aðstoð við kappróður.
 - Strengjabraut fyrir börn í björgunarstól.
 - Kararóður og/eða koddaslagur
 - Björgunarsýning með Landhelgisgæslunni.
 - Almenn sýning á björgunarbúnaði.
 - Kassaklifur fyrir börnin.
 - Aðstoð og öryggiseftirlit á höfninni meðan á hátíðarhöldum stendur.
- 1.3. Björgunarsveitin þjónar höfninni með bát sínum Fiskakletti þegar á þarf að halda og kallað er eftir því, svo sem við að koma hafnsögumanni út í skip, sækja menn eða muni í skip eða út á sjó. Björgunarsveitin aðstoðar höfnina við að sinna öryggisgæslu á hafnarsvæðinu, eftir beiðni hafnarinnar.
Komi til fleiri verkefna Björgunarsveitarinnar fyrir höfnina skulu aðilar semja sérstaklega um greiðslu fyrir þau.
Komi til verkefna fyrir Bs. Einar Sigurjónsson, gildir þjónustutaxti fyrir björgunarbáta Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

2. gr. Stuðningur Hafnarfjarðarbæjar við rekstur Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.

2.1 Húsnæði

Björgunarsveitin fær til afnota án endurgjalds húsnæði að Flatahrauni 14. Húsið er byggt árið 1964 og er um 697,6 fermetrar að stærð. (Leigutekjur sem Hafnarfjarðarbær verður af vegna húsnæðisins nema kr. 3.013.632 á árinu 2004). Öll gjöld af eigninni greiðast af Björgunarsveitinni.
Hafnarfjarðarbær fellir niður greiðslu fasteignaskatts að Fornubúðum 8 (á árinu 2004 kr. 106.112).

2.2. Rekstrarstyrkur

Hafnarfjarðarbær greiðir Björgunarsveitinni eftirfarandi:

Ár	Styrkur til reksturs sveitarinnar	Styrkur til unglingsstarfs sveitarinnar
2005	750.000 kr.	250.000 kr.
2006	850.000 kr.	350.000 kr.
2007	950.000 kr.	450.000 kr.

3. gr. Almennur stuðningur Hafnarfjarðarhafnar við Björgunarsveit Hafnarfjarðar.

3.1. Básar

Björgunarsveitin fær tvo bása í viðlegu við þjónustubryggju án endurgjalds, þ.e. flotbryggju næst húsunum við Fornubúðir 8-12 fyrir báta sveitarinnar. (Framlag Hafnarinnar vegna þessa nemur kr. 208.000.- á árinu 2004).

3.2. Annar stuðningur

Höfnin greiðir allan kostnað vegna rafmagnsnotkunar Björgunarsveitarinnar á hafnarsvæðinu. (Kostnaður Hafnarinnar nemur kr. 275.000 á árinu 2004). Lóðarleigugjöld vegna Fornubúða 8 falla niður. (Gjöldin nema 13.000.- kr. á árinu 2004).

Gjöld vegna rafmagnsnotkunar á hafnarsvæðinu árið 2004 verða felld niður.

4. gr. Upplýsingaskylda Björgunarsveitarinnar.

Björgunarsveitin skuldbindur sig til að leggja fram ársskýrslu þar sem fram koma upplýsingar um starfsemi sveitarinnar á liðnu ári, sem og lykiltölur úr rekstri. Skýrslunni skal skila til Hafnarfjarðarbæjar eigi síðar en 1. maí ár hvert.

5. gr. Viðhald

Björgunarsveitin skal sjá um allt venjubundið viðhald á húsnaðinu að Flatahrauni 14.

6. gr. Gildistími samnings.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2005 til ársloka ársins 2007. Heimilt er að endurskoða samning þennan eða fella úr gildi, verði verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða að forsendur fyrir rekstri Björgunarsveitar Hafnarfjarðar breytast. Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að leita lausnar varðandi framtíðarhúsnaði fyrir Björgunarsveit Hafnarfjarðar á samningstímanum með hliðsjón af fyrri ályktunum um þau mál.

Við undirritun þessa samnings falla úr gildi fyrri samstarfssamningar milli Hafnarfjarðarbæjar, Hafnarfjarðarhafnar og Björgunarsveitarinnar.

7. gr. Ágreiningsmál.

Rísi upp ágreiningur um efni þessa samnings skal mál út af því rekið fyrir héraðsdómi Reykjaness.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.

Samningur þessi skal staðfestur með undirritun í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 6. apríl 2005

Fh. Björgunarsveitar Hafnarfjarðar,

Julius Gunnarsson


Fh. Hafnarfjarðarbæjar,



Fh. Hafnarfjarðarhafnar,



Vottar að réttri dagsetningu
og undirskrift aðila:



Páll H. HANSSON